

JÓN SAMSONARSON

FJANDAFÆLA GÍSLA JÓNSSONAR LÆRÐA Í MELRAKKADAL

Í BISKUPAANNÁLUM séra Jóns Egilssonar í Hrepphólum er kafli um ættmenn Ögmundar biskups Pálssonar, og eru raktar ættir frá Ásdísi Pálsdóttur, systur biskups, og Eyjólfí Jónssyni bónda á Hjalla í Ölfusi. Sturli hét einn sona þeirra, afabróðir Jóns Egilssonar, sem sjálfur var þriðji maður frá Ásdísi, sonur Katrínar Sigmundsdóttur frá Hjalla. Um þá frændur sína, afkomendur Sturla, segir Jón aðeins: 'Sturli átti mörg börn, og er allur sá ættliður fátækur og ekki nafnkunnugur; Gottskálk á einn að heita vestra.'¹

Meira er um ættlið Sturla í ættartölubók þeirri sem er kennd við séra Þórð Jónsson í Hítardal, og er hann rakinn allrækilega í gerð Jóns Ólafssonar á Lambavatni af þeirri bók, Lbs. 456 fol. bls. 243–45. Þar eru talin fjögur börn Sturla og Guðrúnar, konu hans: Gottskálk, erfði Geirseyri við Patreksfjörð og flutti sig þangað að sunnan, Gísli, drukknaði á Suðurnesjum, Eyvör og Guðrún.

Mest er sagt frá afkomendum Gottskálks í ættartölubókinni, og grein er þar um afkomendur Guðrúnar. Meðal sona Gottskálks var Sturli á Geirseyri, sem kom við afturgöngumál snemma á 17. öld, þegar hann leitaði ráðahags við Herdísi Magnúsdóttur. Hún hafði áður verið gift Ívari Eyjólfssyni. Ívar drukknaði, og var talið að hann gengi aftur og sækti að Herdísi. Þá var sóttur Þorleifur Þórðarson (Galdra-Leifi), sem sagt er að brúkaði 'sína stefnu eftir gömlum vana', og varð hlé á

Skammstafanir: *AMKat.*: Katalog over den Arnemagnæanske håndskriftsamling I–II, Kh. 1889–94. *ÍGSVÞ*: Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur. Safnað hafa J. Árnason og Ó. Davíðsson. I–IV, Kh. 1887–1903. *ÍÞÆ*: Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. I–VI, Rvk. 1954–61. *Smæfir*: Sýslumannaæfir eptir Boga Benediktsson. I–V, Rvk. 1881–1932.

¹ *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta* I, Kh. 1856, bls. 75.

nokkrar nætur, en eftir það magnaðist aðsóknin, svo að Þorleifur fékk ekki við ráðið. Hugðist hann láta grafa upp líkama Ívars og brenna, en áður en því yrði framgengt var konan látin.² Hafa menn haft traust á Þorleifi sem kunnáttumanni fyrir vestan. Hans var leitað að nýju nokkrum árum síðar vegna reimleikanna á Snæfjallaströnd, en þar kom Jón lærði einnig við sögu, sem kunnugt er, og orti særingakvæði sín, Fjandafælu og Snjáfjallavísur hinar síðari, og Umbót eða Friðarhuggun, sem til er af upphafið.³ Sonur Guðrúnar Sturladóttur var Eyjólfur Snæbjörnsson, og segir í ættartöluhandriti Jóns á Lambavatni að hann kæmi 'vestur með móður sinni'. Sonur hans var Erlendur Eyjólfsson, sá sem séra Páll Björnsson í Selárdal kallaði sekk djöfulsins og ákærður var fyrir að hafa kennt mönnum galdur. Erlendur var brenndur um haustið 1669.⁴

Um Gísla Sturlason og Eyvöru, systur hans, eru aðeins stuttar klausur á spássíu í ættartöluhandriti Jóns á Lambavatni. Þar er sagt frá Eyvöru á þessa leið: 'C Eyvor S[t: d:] modur Lerd[a] Gisla og Jo[nz] Jons-sona.'⁵ Önnur gerð ættartölunnar er í AM 257 fol., og stendur þar á bls. 72 innan hornklofa og eru dregin strik undir: '[Eivór Stulladotter

² Gísli Oddsson, *Annalium in Islandia farrago and De mirabilibus Islandiae* (Islandica X, 1917), bls. 12–15; ísl. þýðing gerð af Jónasi Rafnar í *Íslenzk annála-brot . . . og Undur Íslands*, Akureyri 1942, bls. 27–31. *Huld II*, önnur útg. Rvk. 1936, bls. 190–95; sbr. *Annálar 1400–1800 IV*, Rvk. 1940–48, bls. 17.

³ Sjá m. a. *Fjölmóð, ævidrápu Jóns lærða Guðmundssonar* (Safn til sögu Íslands og ísl. bókmenta V nr. 3, Rvk. 1916), bls. 37. *Huld II* 85–94. Síðast hefur verið fjallað um þessa atburði í óprentaðri prófritgerð Einars G. Péturssonar, *Jón Guðmundsson lærði og þjóðsagnaefni í ritum hans*, 1970.

⁴ *Alþingisbækur Íslands VII*, Rvk. 1944–8, bls. 147 og 178.

⁵ Lbs. 456 fol. bls. 243. Handrit Jóns Ólafssonar á Lambavatni, endað á Vitumessumorgun 1681. Bókina skrifaði Jón fyrir Gísla Magnússon (Vísu-Gísla), og var hún á Hlíðarenda; sjá *Arne Magnussons private brevveksling*, Kh. 1920, bls. 344 (ártalið 1690 mun vera mislestur, á miðanum sem prentað er eftir stendur 1680). Árni Magnússon hefur látið skrifa handrit Jóns á Lambavatni upp árið 1708, og er uppskriftin í AM 254 fol.; sbr. *Árni Magnússons levned og skrifter II*, Kh. 1930, bls. 149–50. Eftir þeirri uppskrift eru teknir stafir til fyllingar, þar sem skorist hefur burt af jöðrum blaða í Lbs. 456 fol. Allur er kaflinn um afkomendur Sturla Eyjólfssonar prentaður í *Biskupa sögum II*, Kh. 1878, bls. 298–301, og er þar farið eftir AM 254 fol. Sbr. *Smæfir IV* 829 (Hannes Þorsteinsson); Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*, Rvk. 1952–5, bls. 499; Einar Bjarnason, *Íslenzkir ættstuðlar*, Rvk. 1969, bls. 84–6.

möder Jöns i Efranesi Jonssonar ätte Helgavatz Jon. Gysle og gudrun, hans börn og þeirra a zedle]'.⁶

Lærði-Gísli, sem þannig er nefndur í handriti Jóns á Lambavatni, hafa menn talið að væri Gísli Jónsson sem bjó í Melrakkadal og heimildir eru um að kallaður var hinn lærði.⁷ Foreldrar hans hafa verið Helgavatns-Jón og Eyvör Sturladóttir, en bróðir hans Jón Jónsson í Efranesi,⁸ ef marka má ættartölugreinarnar báðar í handriti Jóns á Lambavatni og í AM 257 fol.

Um Jón á Helgavatni eru heimildir fáskrúðugar. Þó eru kvæði eignuð honum í handritum, og talið er að hann sé Jón Jónsson á Helgavatni, sá sem Guðbrandur biskup Þorláksson ræðir um í bréfi, dagsettu 20. mars 1612.⁹ Í bréfi Guðbrands er vikið að draumum, vitrunum og spáförum Jóns og að skiptum hans við huldufólk. Bréfið er markverð vísbending um alþýðutrú hér á landi á tímum biskups, og verður þó að hafa í huga að það er sett saman af kenningum kirkjunnar og beinist að einstaklingi. Ætti fyrst og fremst að mega líta á það sem vitnisburð um heimilið á Helgavatni og viðhorf sem líklegt er að þar hafi mótað Gísli, son Jóns, í uppvexti. Bréf Guðbrands sem er varðveitt í frumriti er á þessa leið:

Fýrr meir þa Jon heitinn Logmadur hielltt Þýngeýra Klaustur for Jon Jonsson æ Helgavatnne med drauma/ vitraner og spafarer/ hvar af

⁶ Við lok kaflans *Um herra Gissur Einarsson og hans ætt* á bls. 100 stendur á spássíu við hornklofagrein: 'Parentesi inclusa eru additamentum med hende Sigurðar Jönssonar lögmanns'. Óvíst er hvort þetta á einnig við um hornklofagreinina á bls. 72, en hafi hún verið með hendi Sigurðar lögmanns í forriti að AM 257 fol. er hún samin ekki síðar en 1677, á því ári sem lögmaður lést.

⁷ Sjá t. a. m. greinina úr Vatnsfjarðarannál hér á eftir og fyrirsögn í AM 722 4to, sem prentuð er í skrá Kálunds, *AMKat.* II 151: 'Kuoldd uysur ordtar af Ione fodur Gysla Ion sonar sem bio j mel Racka Dal sem marger menn kalla hinn lærða.' Í útg. Ólafs Davíðssonar, *ÍGSVP* IV 98–100, eru tóustefnur, eignaðar 'lærða Gísli í Melrakkadal'.

⁸ Jón Jónsson frá Efranesi er þannig nefndur í *Alþingisbókum Íslands* VI, Rvk. 1933–40, bls. 457, þar sem lýst er hesti sem honum hvarf á alþingi 1659. Samkv. mannanafnaskrá, sem Einar Bjarnason gerði við þetta bindi alþingisbókanna, var Jón bóndi í Efranesi í Stafholtstungum (bls. 738); í staðanafnaskrá, sem útg. Einar Arnórsson samdi, stendur Efranes í Stafholtstungum, með spurningarmerki (bls. 759). Annað Efranes er í Skefilsstaðahreppi, Skag.

⁹ Páll Eggert Ólason, *Menn og menntir* III 734–5 og IV 663–4. — Bréfið er í Þjóðskjalasafni Íslands, Varia II. Áður pr. í Sunnanfara X 13–14.

nockrer hneyxludvst/ og hielldu hanz drauma fyrrer gudlegar og sannar
 opinberaner/ hvad þo menn vita ad ecki voru/ nema diofulsinns mýs-
 5 sýningar/ Nu kemur enn fyrrer mig ad same Jon/ kemur enn upp med
 annad sierleggt það ecki er samhliodanda/ vid gudz ords kenningar
 umm alfamenn og annad þuij liktt/ Og sie þetta sannfreigid/ þa hæfer
 ecki ad slijkur sie lidinn J Christelegre samkunndu/ ef hann vill eckj af
 slijku Läta/ Ecki hæfer og helldur/ ad honum sie þar býgtt J midre
 10 sveit/ hafe hann so mikel mok og slijktt mak vid alfamenn eda huldu-
 folk/ Þui gefur hann sig ecki til þeirra? Þad æ Ecki saman/ ad hann
 hafe samlag med christelega kirkiu og kristna menn/ og diofla eda
 alfafolk/ hier fyrer aminne eg enn nu adur neffndann Jon ad hann legge
 af þessa forneskiu/ og late sier nægia gudz ord það fyrer honum er
 15 kenntt og predikad/ og hann sialfur les/ og veit/ enn verdi hann ad
 þui kunnur eda sannur hier eptter/ þa hæfer ecki ad honum sie gefid
 heilagtt sacramentum/ Enn hvad hann fer med annad/ þa heyrer það
 veralldlegu valldi/ ad straffa eptter Logum og dome/ og godra manna
 Radj// þijfala eg hanz presti Sijra Steingrime/ ad lesa þetta bref fyrrer
 20 Jone/ adur neffndum/ almennelega vid kyrkiu eda æ þinng so hann
 heyre/ so og lijka ad skicka sier hier eptter og hegda ef nefndur Jon
 vill ecki ad sier sia og af lata/ Þetta er mijn fullkomen þijfalninng/ og
 þar fyrer set eg mitt vanalegtt signet med Eigen Hendi/ fyrrer nedan æ
 þetta bref skrifad Anno 1612 þann 20 Martij.

Gudbrandur Thorlakss(on)
 med E. H.

Ekki virðist Gísli í Melrakkadal að miklu getið í samtímaheimildum, og um fæðingarár hans er ókunnugt.¹⁰ Frá dauða hans er sagt í Vatnsfjarðarannál yngra við árið 1670: 'Deyði . . . Gísli Jónsson, kallaður lærði fyrir norðan, snögglega.'¹¹ Þorlákur Markússon í Gröf á Höfðaströnd og síðar á Sjávarborg (um 1692–1736) tekur andlátsgreininu upp í Sjávarborgarannál lítið eitt breytta. Hann fer eftir Vatnsfjarðarannál, en hefur að því er virðist einnig haft sagnir af andláti Gísli eða hvar

¹⁰ *Íslenzkar æviskrár* II 61.

¹¹ *Ann. 1400–1800* III 155. (Trúlega ætti að vera komma á eftir lærði.) Í Eyrarannál er getið dauða Gísli, en þar mun vera farið eftir Vatnsfjarðarannál; sjá *Ann. 1400–1800* III 282.

dauða hans bar að: 'Deyde Gýsle Jonsson kalladur hinn lærde j Hófdakaupstad mióg brädlega etc.'¹²

Í AM 453 fol. er bréf varðveitt í eftirriti, sem Gísli hefur samið og skrifar undir í Melrakkadal 22. jan. 1657. Verður að vísu ekki mikið ráðið af bréfinu um Gísla sjálfan eða ævi hans, en þó hefur það augljósan kost þar sem óhætt er að treysta því litla sem þar kemur fram um Gísla, og er meira en sagt verður um það sem skrifað var um hann síðar eftir munnmælum. Bréfið er á þessa leið:

Medkiennist eg vndirskriffadur, ad þann tijma sem salugi Jngialldur Jlluga son sat ä Reikium i Midfyrdj, og haffdi biggingar rad ýfir Thorffustodum nedri J somu sueit er konglegri nad tilheira, sem og fleiri Jördum þar, þann tijma bio Jon Jonsson ä nefndum Thorffustödu-
 5 um, enn Asgrijmur Jvarsson i effra bænum, Agreindi nockud neffnda buendur, vm vallarmäl og fiosstodu, sagdi Jon ad kongsvollurinn værj minni hinum, Enn Asgrijmur sagdi Jon hielldi ranglega Fiösi firir sier, aff þessu lietu þeir eckj, firr enn Jngialldur kalladi menn þangad til med sier ad slijta þrätu þeirra, var eg þä kominn i Midfiörd og tilneffndur
 10 eirn med ödrum ad mäla bada vellina, reindist kongz völlurinn aungvö minni málum enn hinn, þo eý væri so gagnsamur ordinn þä, aff vanrækt abuendanna, äliktadist þä so, ad gömlu vallar malin skilldi atolulaust alltijd standa, Og so þagnadi adur nefndur Jon þar vmm, Enn su var äklogun Asgrijms vmm Fiosid, er ä hanz vallar tungu stöd, ad efra
 15 bæarinz eigendur hefdi hlotid það fios, þegar Jördin skiptist, med kongi og kalli, Enn firir bön kongs partsinz abuanda, hefdi sä partur fiossinz honum liedur verid næsta vetur, er eigandi efri Jardarinnar mätti i það sinn än vera, huar vm Asgrijmur vændist skipta brieffj hia Gijsla Biorssýni, so og vm voll og Eingiar, Enn kongs landsetar höfdu
 20 Jaffnan halldid fiosinu, huór eptir annann einz og það værj kongs Eign, so eigendur hefdi ordid i burtu ad rijma, og giora sier annann fioskoffa uppj mýri hia bæ sijnum, Jngialldur gaff það suar þessu bæri saman vid það sem sier hefdi adur sagt Hallur sonur sera Erlends er sat ä Stadarbacka, þann týma sem Thorffustodum var skipt Eignar skiptum, bad
 25 hann þö samt Asgrijm ad lijda fiosid firir sig eirn 'vetur, og loffadi það skilldi eigi leingur vera, þui kongsJordunni væri það nog til nidurnijdslu med ödru fleira, ef eckj stædi fiös ä hennar velli, hid sama sagdi mier

¹² Lbs. 290 fol. bls. 440; sbr. *Ann. 1400-1800* IV 301, 3. nmgr.

vmm þetta fiös salugj sera Gyssur Gamalielz son, þá eg var ä Thorffu-
stödum efri nu firir 9 ärum, Og eg villdi flossinz trodning eckj leingur
30 lýða, til sanninda merkis hier vmm skriffa eg mitt nafn hier vndir, ad
Melracka dal i Wijdirzdal, þann 22 Januarij dag, Anno 1657.

Gijšli Jonsson

m: Eh

Þetta ad vera Rietta Copiu eptir Originalnum vottum vid vndirskriff-
35 adir, Ad Stadarbacka J Midfyrdj, þann 26 Julij, Anno 1658.

Biarni Arngrýmsson

Egh

Sigurdur Jonsson

med Eh.

Ingjaldur Illugason sem um er rætt í bréfinu var lögréttumaður og hafði umboð Miðfjarðarjarða.¹³ Hann lést 26. maí 1643, og hefur ágreiningur Jóns Jónssonar á Torfustöðum neðri og Ásgríms Ívarssonar í efra bænum risið fyrir þann tíma. Þá var Gísli kominn í Miðfjörð, en ekki kemur fram á hvaða bæ hann var. (Síðar segir Jón frá Grunnavík að Gísli hafi búið á Króksstöðum í Miðfirði.) Árið 1648 eða um það bil hefur Gísli verið á Torfustöðum efri í Miðfirði, en síðar hefur hann farið í Melrakkadal í Víðidal, þar sem hann var þegar bréfið var skrifað 1657.

Í latínuriti Páls lögmanns Vídalíns (1667–1727), *Recensus poetarum et scriptorum Islandorum hujus et superioris seculi*, hefur verið grein um Gísla í Melrakkadal. Rit Páls er ekki til í upphaflegri mynd, en hefur varðveist í ágripi Hálfðanar Einarssonar skólameistara og í íslenskri þýðingu séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka. Hálfðan hefur tekið greinina um Gísla upp í ágripið, lítið stytta að því er virðist, en þó er smávegis umfram í þýðingu séra Þorsteins sem líklegt er að Hálfðan hafi sleppt. Upphafi greinarinnar snarar Hálfðan á íslensku og þjappar efninu saman, svo að frásögnin af uppvexti Gísla verður hótí rækilegri í þýðingu séra Þorsteins. Er þar sagt að hann væri almúgakyns, og var hann haldinn hafa lært ungur fjölkynngi hjá föður sínum, en farið öðru vísi með, því að faðir hans gerði engum mein og hélt heimuglega hjá sér sinni konst, en Gísli tók með aldrinum að verða ófrægur og óþekkur öllum góðum mönnum og jafnvel föður sínum fyrir ómennsku og galdra. Nítján vetra gamall fór Gísli út í Grímsey að forða sér frá svívirðu, segir enn eftir riti Páls, og var hann þar til 36 ára aldurs. Þegar

¹³ Einar Bjarnason, *Lögréttumannatal*, bls. 251–2.

hann sneri aftur varð honum það til ógagns að rifjaðar voru upp minningar um æsku hans. Gísli kvæntist, vanrækti heimilið og bjó við vesöld fram á efri ár. Þá var höfðingsmaður Þorkell Guðmundsson að nafni pindur af árasum djöfulsins, að því er menn töldu, og var Gísli kvaddur til. Hann gerði þá kvæði, sem hann kallaði Fjandafælu, guðrækilegt að yfirskini, en ekki þykir höfundi ótrúlegt að það hafi verið fullt af særingum, sem Gísli hafi sleppt þegar hann gerði það kunnugt. Nokkuð dró úr þrautum sjúklingsins, og fékk Gísli fé mikið að launum. Hann tók þá að lækna aðra þess háttar sjúklunga og gerðist svo djarfur að hann hrósaði sér nær opinberlega af því að hann gæti hrakið burt ofbeldi djöflanna með guðs hjálp og undir yfirskini heilagleika, og var þó ekki grunlaust um að þessir sömu djöflar hefðu verið særðir fram með íþróttum hans sjálfs til þess að plága auðmenn. Á skömmum tíma rakaði hann saman ótrúlega miklum auðæfum, en dó að lokum fullur áhuga á þessari iðju árið 1671, eftir því sem staðið hefur í riti Páls, og bar dauða hans bráðan að. Eignirnar lét hann eftir fimm börnum sínum, og gengu þær fljótlega til þurrðar fyrir margs konar slysaleg óhöpp. Segir Páll að barnabörn hans og tvö börn, sem enn voru á lífi, séu komin í aumustu fátækt. Síðan viku Páll nokkrum orðum að skáldskap Gísla, sem hann telur ekki með öllu ólipran, og endar þar ágríp Hálfðanar af greininni. Í þýðingu séra Þorsteins er tilfært upphafserindi Fjandafælu, og þar er nefnd ástæða til þess að meira er um ævi Gísla en annarra, sem er vegna hans fjölkynngi, 'sem nú er haldin hégómamál á þessum dögum', auk þess sem eftirtektarverð sé örbirgð hans, aðdrættir og afgangur.¹⁴

Upphafserindi Fjandafælu er prentað í riti Jóns Þorkelssonar, *Om digtningen på Island*, Kh. 1888, bls. 109, tekið eftir *Recensusþýðingu* séra Þorsteins, og lætur Jón þess getið að honum sé aðeins kunnugt um þetta eina erindi úr kvæðinu.

Jón Ólafsson frá Grunnavík (1705–79) ólst upp í Víðidalstungu á heimili Páls Vídalíns. Í bókmenntasögu hans, Add. 3 fol. bls. 49–50 í danska hlutanum og 122–3, eru greinar um Gísla í Melrakkadal, og hefur Jón haft af honum sagnir svipaðar þeim sem eru í riti Páls. Segir Jón að Gísli hafi verið kallaður hinn lærði, og jafnar hann honum við Jón lærða Guðmundsson í galdraspekinni. Jón nafngreinir föður Gísla,

¹⁴ JS 569 4to (ágríp Hálfðanar Einarssonar af riti Páls), MS Bor. 66 (þýðing séra Þorsteins Péturssonar á Staðarbakka).

181

Sionn. en það er ^{Bálfr.} xi ána dinn að
 þjórn þi á þ. Þ. Þ. maðr. Bálfr. reba
 af landi manð. að lögmæt. xi átti.
 og þilia fr það er þin en so. þi á
 landeigjandi. af þjórn. þra Alnar.
 Biepli átt 2 smjörri. en reba m
 á fax við allan. östalgðan. þn re þar
 rebin vff. og so gvali þi alla som
 þar glanpa bvið. þi land. noma m
 villoj. og so. ai þn þi gvali. á re þ
 reð vff. en m re land ai. ai þ þara
 allan. þigla á. 2 roffingá. sola alla
 og so þ m svep þar sel. þn ai þar
 gmsin. all. 4. þi þi vð. þinga. 5. so
 þi þa á noma þar rebi þve. þn ai
 land en 5. m. þi þi vð. þall þi
 ai reba m. land eigjandi. ai þar þi
 þmng. á. 2. að vð vð. þotmð. þit.
 og vð greb á. 2. gvali þn alla. re þm
 vð. glanpa bvið. þi land. 2. vð. þar
 allan. 2. netlogm. og þi þi vð. þi vð.
 þi vð. 2. netlogm. þi ai reba m. þan
 vð. en þ vð. re vð. og m ai þi
 J. Ái.

AM 47 8vo 181r. Jónsbók, úr eigu Torfa Jónssonar í Flatey. Síða úr Rekabálki. Bókin er að sögn Árna Magnússonar með hendi Gísla í Melrakkadal. Sjá handritaskrá Kálunds, AMKat. II 356.

Jón á Helgavatni í Vatnsdal, sem hafi verið haldinn einn með þeim mestu galdramönnum. Fjandafælu nefnir Jón, tekur upp hluta upphafs-erindis, og getur þess að Gísli muni hafa gert hana fyrir Þorkel, son Guðmundar sýslumanns Hákonarsonar á Þingeyrum, sem þá hafi búið á Stóruborg í Víðidal og verið ásóttur af draugum. Gísli var sóttur til að lækna hann, og segir Jón að margir hafi fyrir satt að Gísli ylli upp-tökum og öllum veikindum Þorkels, léti svía stundum, en héldi við, til að ávinna sér peninga. Áður bjó Gísli á Króksstöðum í Miðfirði, að sögn Jóns, en komst ekki upp með konst sína, meðan séra Arngrímur Jónsson lærði var á Mel. Arngrímur lést 1648. Jafnan sýndi Gísli á sér sérlegt skin guðhræðslunnar, eins og Jón orðar það, varð vellauðugur, en hvarf og eyddist allt við hans dauða, svo að börnin urðu húsgangsmenn, nema Jón bjargaði sér sem aðrir kotungar, enda sá besti. Ýmsar sagnir hefur Jón haft af Gísla lærða, sem hann aðeins tæpir á, en segir ekki, bæði frásagnir um aðkomst hans og viðburði að ná galdraspekinni, þótt faðir hans spornaði þar við, hversu hann síðan brúkaði sína galdra-konst, glettur við Hildi, hvílkur hans dauði var 1670 um haustið í Skagastrandarkaupstað og hvílkir hans synir voru og hversu þeim vegnaði, einkum Pétri, sem var umhleyppingur, og Jóni sem bjó í Vatns-hól og Hrísum síðan.¹⁵ Þá segir Jón að Gísli hafi skrifað 'lyten Com-mentarium yfer Erfder i Lógbök'¹⁶ og getur um uppskriftir hans á lögbókum fyrir Strandamenn.¹⁷

Jón hefur skrifað 'glettur vid Hilde' til hliðar við meginmálið á bls. 122, og er tilvísunarkerki inn í textann, en skýring er engin með. Hana er hins vegar að finna í uppkasti að riti Jóns Um þá lærðu Vídalína, þar sem hann hefur skotið inn stuttum kafla um Gísla í Melrakkadal. Þar segir Jón frá skiptum Gísla við Hildi, dóttur Arngríms lærða Jónssonar, móður Páls Vídalíns. Hildur var á heimili Páls sonar síns á unglings-árum Jóns Ólafssonar í Víðidalstungu, og er trúlegt að hún hafi stund-um getið Gísla og viðskipta sinna við hann. Kafla Jóns um Gísla er prentaður hér eftir eiginhandarriti Jóns, JS 124 fol. Hann er ófrágeng-inn í uppkasti og ber þess nokkur merki, auk þess sem hann er saminn

¹⁵ Jón minnst einnig á þá bræður í *Vísnaðveri Páls lögmanns Vídalíns*, útg. Jón Þorkelsson, Kh. 1897, bls. 137 og 141.

¹⁶ Sbr. *Menn og menntir* IV 254; einnig AM 220a 4to.

¹⁷ Grein Jóns um þær er prentuð í *Tímariti hins íslenska bókmenntafjells*, VIII. árg. 1887, bls. 74 nmgr.

á hrörnunarskeiði höfundar.¹⁸ Væntanlega er þó í höfuðatriðum fylgt frásögnum Hildar, eins og Jón hafði fest þær í minni á unglingsárum sínum:

Cap. Umm Galldra Gisla.

J VydedalsTungu kyrkiu sökn heiter Bær Melrackadalr. Þar biö þá Bonde sä er nefndur er Gisle Jonsson, almennt kalladr Galldra Gýsle. Þvi hann var nafnkendr ad fiólkyngi, helldst med því moote, at hleyppa 5 galldre ä þä sem rýkare voru, og laata kaupa af sier, at koma honum af. Hann biö fyr ä Krökstodum i Midfirde, og þorde ei sig uppe at hafa, medan S^r Arngrjmur lifde, enn i þeirre tyd, sem Jon Þorlaksson og Hilldur biuggu i VydedalsTungu, biö Gisle þesse þar i soknenne, *i Melrackadal. Þä biö ä Storuborg i Vydedal Þorkell, fader Ara Þorkels- 10 sonar systlumanns sem var i Haga ä Bardastrond, og er sagt hann hafe þetta honum leiket. Hann var einusinne nykomenn vestan ur Midfirde, og kom til kyrkiu, og var at segia frá, at hann hefde komet þar af einhverre apturgaungu. Hann baud Hillde þessa þjönustu og lidsinne, ef henne lage nockud ä, enn hun qvadst vona, at Gud mundi so vard- 15 veita sitt Hus, at ei mundi þurfa hans med, edur annara slýkra kunnattu manna. Vid þetta þycktest Gýsle, og efter Embætte þä hann rýdur burt fyrer vesturdyrnar ä Bænum, og sier hana utestanda: kallar hann til hennar. Eg segi ydur þat Hilldur Arngrimsdoottur, at þier kastit ei ordum minum undir fætur ydur. hann var skialfraddadur og obbalegur 20 i maale. Nöttena efter feck hun (verk) so mikenn, at hun þolde varla af sier at bera. Var henne raadet, at leita Gisla, enn hun villde ei. Þö lietst hann einusinne vilia leggja hendur i Hofud Henne; Enn hvad Hofudverkurenn var adur mikell, vard hann nu enn sterkare. Sagde Hilldur honum þä, at þau skylldu þetta vid hafast: Hann at giöra sier

1 *Fs. skr. utanmáls.* 2 þä] + Madur *str. út.* 3 Gýsle.] + hann biö fyr ä Krökst *str. út.* 7 Arngrjmur] + var ä Mel *str. út.* enn] + i Tyd *str. út.* 8 i³] ä Bæ þeim er *hndr., sennilega hefur Jón ætlað í fyrstu að skr.* ä Bæ þeim er Melrackadalur heiter *eða ä Bæ þeim er heiter i Melrackadal, og ekki gætt þess að hann hafði kynnt bæinn litlu áður.* 9 biö] + og *str. út.* ä—Vydedal] *utanmáls og vísað inn.* 10 og] + var *str. út.* 11–13 Hann—apturgaungu] *neðanmáls og vísað inn.* 13 Hann] *strik undir, og má vera að Jón ætlist til að orðið falli burt.* þessa] + *sina str. út.* 16 Gýsle] *a skr. ofan í e?* 17 burt] +, sier *str. út.* 23 Sagde] < Hootade. 24 at¹] + hann skyllde *adhafast str. út.* 25 Elldenn.] + Minkade. . *str. út.*

¹⁸ Jón Helgason, *Jón Ólafsson frá Grunnavík* (Safn Fræðafjelagsins V, Kh. 1926), bls. 301–3.

25 galdurenn, en Hun skyllde so til siä, at Hann kiæmest i Ell denn. Þetta
 var seint ä Hauste einhveriu, og varade allann Veturenn framm til Vor-
 daga, og minkade so smamsaman, enn alldrei qvadst hun hafa feinget
 minne sitt aptur hid sama sem ädur var. Þetta sege Eg til dæmes, at
 Paall lógmadur sonur hennar aatte það ei langt at sækia at forakta slýka
 30 fiólkyng; sem sidar mun sagt verda.

Frä Gísla þessum er nockur Saga. Hann var ur Vatzdal ættadur frá
 Langavatne. Hversu fader hans, er þö siälfr var kunnáttumadur, rak
 hann frá sier, þä hann merkte hann var soolgenn epter soddan lærdöme,
 og hann hliöp nordur i land til fodurbrodur sins, er var og kunnattu-
 35 madur, og þä hann visse fader hans var saladur, hversu hann nade hans
 kunnattubokum, strauk heim aptur, og hversu hann liet sig dreyma hvar
 fader hans hafde folget sin(ar). Hversu hann skrifade Logbækur fyrer
 Strandamenn, og scholierade yfer, helldst umm Rekatræ, umm alnar-
 kefle, og hvad hann kallade Adams alin, hans gudhrædslu, Jesuminning,
 40 skyndelegann dauda i Hofdakaupstad, syne hans og afqvæme. Þad
 utelyk Eg hier allt og læt það fráleitt vera.

Þeim ber ekki mikið á milli Páli Vídalín og Jóni frá Grunnavík í
 dómum sínum um Gísla í Melrakkadal, og báðir lýsa þeir honum hrak-
 lega. Má vel vera að þar komi að einhverju leyti fram viðhorf Hildar
 Arngrímsdóttur, sem hafði þau kynni af Gísla að þess var ekki að vænta
 að hún brygðri hinu betra, ef hún vissi hið verra. Þó er enn að geta
 vitnisburðar sem Árne Magnússon gaf Gísla og hnígur í sömu áttina
 honum til ófrægðar. Er svo að sjá sem Árne hafi ýmugust á Gísla, og
 gæti þar að vísu enn kennt áhrifa frá heimilinu í Víðidalstungu og frá
 dætrum Hildar tveim, sem voru giftar bræðrum Árna, þótt ekki verði
 slíkt fullyrt. Ummæli Árna eru í klausu um unga Egilssögugerð, sem er

26 seint] + umm str. út. 28 sitt] + hid sam str. út, m aðeins dregið til hálf. 32
 Langavatne] sennilega rangmínni eða fljótfærni. Jón faðir Gísla er jafnan kenndur
 við Helgavatn í Vatnsdal, einnig í bókmenntasögu Jóns sjálfs. 34 til] + ættingia
 sins, er og einn str. út. sins,] + og h str. út. 35 -madur,] + hversu hann naade
 hans lærdom str. út. 36 kunnattu-] + qv str. út. 37 sinar] sin, sem stendur í
 hndr., á væntanlega að vísa til kunnattuqver, sem Jón hefur fyrst ætlað að skr. í l.
 36, en hætt við og skr. kunnattubokum. -bækur] + yfer str. út. 38 og] + Com-
 menterade str. út. -træ,] + hvad hann str. út. 39 -hrædslu,] + skyndelegann
 d str. út. 40 -stad,] + og str. út. 41 utelyk] ofan línu, læt str. út í línu. og—
 það] ofan línu og vísað niður.

í AM 454 4to og er uppsuða 17. aldar manns á Egils sögu gömlu. Árna var sem kunnugt er lítið gefið um slíka bókmenntaiðju samtíðarmanna og mat hana sem fals. Sigurður Jónsson lögréttumaður á Knör hafði skrifað handrit þessarar Egilssögugerðar, en Árni trúir því illa að hann sé höfundur hennar. Minnir Árna að hann hafi einhvers staðar eftir sögn Sigurðar á Knör að hann hafi ritað þessa Egilssögu eftir hendi lærða Gísla í Melrakkadal. Er þá Gísli óefað author bókarinnar, segir Árni, og bætir við: 'Gisle var ad visu sannreyndr impostor. Enn Sigurdur var frömur madr.'¹⁹

Lítils háttar hefur Gísli verið getið í munnmælum á síðari tímum, og segir í Árbókum Jóns Espólíns (VII 38) að hann þætti 'fjölbreytinn sumum'. Átti Gísli að hafa komið burt draug í Búðardal á Skarðsströnd 1631,²⁰ og einnig hefur nafn hans tengst sögn sem kom upp til að skýra dauða séra Sigurðar Magnússonar á Auðkúlu í Svínadal.

Séra Sigurður lést snemma á ári 1657, og bar dauða hans að með þeim hætti, að ekki þótti einleikið.²¹ Segir í þjóðsögum Jóns Árnasonar, að presti væri sendur draugur, og er það ýmist eignað Borgfirðingum, Dalamönnum eða Vestfirðingum. Draugurinn átti leið um á bæ einum og kom við í bakaleiðinni og sagði bónda tíðindi. Bóndi skipaði honum að fara og drepa þann sem hefði sent hann, og tók draugurinn þá strikið vestur. Segir í einni gerð sögunnar hjá Jóni að draugurinn hitti bóndann á Reykjum, en í annarri að það væri bóndinn í Melbrekkudal.²²

Gísli Konráðsson hefur einnig skráð munnmæli um dauða séra Sigurðar á Auðkúlu og viðureign draugsins við bónda, og segir hann að bóndinn hafi verið Gísli í Melrakkadal. Frásagnir Gísla eru í syrpu hans, Lbs. 2856 4to bls. 334–5, og aftur í sama handriti á bls. 338:

Frá Gísla í Melrakkadal (sjá bls. 338)

Draugur var sendur at vestan til Sigurðar prests Magnússonar á Kúlu at mælt er, þá hann kom at vestan sá til hans madr sá er Gísli hêt ok bjó í Melrakkadal, kalla sumir hann Jónsson ok ærid fjölkunnugann
 5 sva ærit hefir verid ord á gjört; enn eígjí kvadst Gísli þá hafa haft faung á at hepta fòr hans, ok spurdi þó hvert hann ætladi? hann kvadst sendur

¹⁹ *AMKat.* I 646.

²⁰ *Ann. 1400–1800* III 199 nmgr.

²¹ *Ann. 1400–1800* I 312, 347, II 180, 436.

²² *ÍPÆ* I 330–31.

at drepa Audkúluprest kvad Draʒgr, koma mantú við hjá mæð til baka, kvad Gísli, heita mun ek því segir Draugr ok ekkji örindislaust; fór hann ok sá fyrir presti at því ætlad var, varð þat árit 1657 at prestr fanst
 10 daudr Sunnan til við Svínavatn, enn er hann kom aptur spyr Gísli hvað hann starfad hafi? hann kvadst hafa sjed fyrir presti, ok handleggsbrotid barn á Reykjum á Reykjabraut, er hann kastadi ok fyrir honum varð, vildi hann þá at Gísli, enn hann sendi hann Vestur at sjá fyrir þeim er hann sendi, enn sagt er at síðan fylgdi hann Gísli ok yrði loks honum
 15 at skada, þó telja þat adrir, at síðan sendi hann Draʒginn at Kúlu, ok væri hann þar lengji síðan ok fyrir því yrði prestar þar sva skammærir, þá er ok enn kallad at ættarfylgja yrði hann Sigurdar prests. (Bls. 334–5).

17 + Gísli ætla menn en sama ok Syslu hafði í Isafirdi ádr ok kalladr var Fródi eda Fræda Gísli ok þann er do skyndilega í Höfdakapst. 1670. viðbót Gísli síðar, upphafið er að öllum líkindum runnið frá Jóni Espólin, Íslands Árbækur VII 38; leiðrétt í Smæfir IV 829.

Enn sögn um Gísli í Melrackadal (sjá bls. 334:)

Er sagt Gísli væri kalladr Lærði Gísli, ok at Draugur sá væri í konulíki er Vestan kjæmi, þat er sagt at Sigurdr prestr at Kúlu messadi seínast á Nýársdag, hefir til verit enn á dögum predikun ritud ok sagt
 5 hann flytti hana þenna Nýársdag ok sagt á hana teiknad hverja sálma sýngja skyldi ok væri sá einn: um daudann gæf þú Drottinn mæð etc ok óll hníggi ræðann at daudanum er fyrir öllum læggi, ætti predikun sú at hafa þegar eptir honum verit skrifud, nema hann hefði hana sjálfur ritada, því eigji var þá enn prestum hær bodit at hafa ritadar stólrædr
 10 sínar, sumir segja örn sæist frá Svínavatni sitja Sunnan vatnsins ok hláku myrkr væri á um kvöldit, þat er sagt at þegar um nóttina sæist eldglæringar Sunnan Vatnid frá Svínavatni, ok at morgni er til var komit tradk mik(i)t ok víða jörd upp rifin, Gísli er mælt at Draugurinn svaradi með öðru, er hann spyrði hann hvert hann hefði ei átt erfidt
 15 með prest? at við prest hefði hann fengist alla nóttina þar til undir dag at hann hefði gætað handleggsbrotid hann, Gísli spyr: hvert hann gjörði eígi fleira íllt, var Draugr tregur at segja þat ádr hann kvadst hafa blakad barn eitt lítid er fyrir sær yrði í tróðinni á Reykjum á Reykjabraut, Gísli spyr: hvert því mundi lífs audit, var hann lengi at toga þat
 20 út, ádr hann sagdi at batna mundi því væri því æð sleigin undir litlu

tánni, fór Gísli þá at vitja barnsins ok lá þat sem dauðt, en raknadi við ok lifdi eftir þat Gísli hafdi sleígit því ædina. (*Bls. 338.*)²³

Frásögn er í Grímu um dauða séra Sigurðar, og segir þar eins og hjá Gísla Konráðssyni að draugurinn kæmi við í Melrakkadal; bóndinn er nefndur Fræða-Gísli. Þar segir einnig frá erjum Gísla við galdramann uppi í Svartárdal. Fylgir þeirri sögu að Gísli hafi þá búið að Marðarnúpi í Vatnsdal. Hann hafði drauga á verði í Vatnsdalsfjalli, og vörðu þeir sendingum úr Svartárdal skörðin. Þó var óvarið eitt skarðið, sem Gísli vissi ekki um, og sat dag nokkurn fluga á matnum þegar hann tók ask sinn. 'Sjaldan er fluga á feigs mat,' sagði Gísli og saup á askinum. En í sama bili stóð blóðgusa upp úr honum, og hné hann dauður niður.²⁴

Fjandafælu gerði Gísli í Melrakkadal fyrir Þorkel Guðmundsson, mann af góðu bergi brotinn, eftir því sem sagt hefur í riti Páls Vídalíns, sem áður var vitnað til. Má ætla að Páll eigi við Þorkel Guðmundsson sýslumann og klausturhaldara, son Guðmundar Hákonarsonar sýslumanns á Þingeyrum. Jón Ólafsson frá Grunnavík hyggur einnig að kvæðið sé ort fyrir Þorkel Guðmundsson sýslumann, sem þá hafi búið á Stóruborg í Víðidal og verið ásóttur af draugum, en ekki virðist Jón hafa fyrir því fulla vissu.²⁵ Veikinda Þorkels er getið í Vatnsfjarðarannál elsta, sem svo hefur verið nefndur, og getur verið að Jón frá Grunnavík hafi vitneskju um þau þaðan. Annállinn er í Lbs. 347 4to með hendi séra Jóns Arasonar prófasts í Vatnsfirði, móðurbróður Þorkels Guðmundssonar sýslumanns, og er Jón talinn höfundur hans. Veikindanna er getið við árið 1651: 'Djöfulsins ásókn á Bjarna Pétursson á Staðarhóli og á Þorkel Guðmundsson á Stóruborg norður þennan vetur.'²⁶

²³ Ein gerð sögunnar um dauða Sigurðar prests á Auðkúlu er hjá Gísla Konráðssyni í Lbs. 2312 4to við árið 1657 og í Lbs. 1292 4to (kafli um Auðkúluþrestra), en ekki er þar getið viðkomu draugsins á bæ bónda.

²⁴ *Gríma hin nýja*, Rvk. 1964, III 288–9.

²⁵ 'Hann giörde hana Þorkele Gudmundssyne til brükunar (ni fallor) sem þä biö ä Storu borg i Vydedal, og var äsoktur af draugum.' (Jón frá Grunnavík, Add. 3 fol. bls. 122.) Sbr. einnig hér á undan bls. 49.

²⁶ *Ann. 1400–1800* III 73. Þannig prentað í útg. annálsins eftir Lbs. 347 4to; sama klausa með öðru orðalagi er framar í 347; sbr. *Ann. 1400–1800* III 11–12 og yfirlit Jóns Helgasonar um efni handritsins í Tólf annálagreinar frá myrkum árum, *Sjöttú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni*, Rvk. 1977, bls. 414–15. Í

Fjandafæla Gísla Jónssonar var í AM 65 8vo, þegar Jón Ólafsson frá Grunnavík skráði safn Árna Magnússonar 1730, en var horfin þaðan þegar Kálund gerði sína skrá á öldinni sem leið.²⁷ Á síðara hluta 18. aldar voru uppskriftir eftir AM 65 a–b 8vo gerðar fyrir Suhm,²⁸ og mætti geta þess til að þá hefði kvæðið orðið viðskila við annað efni handritsins. Til þessarar uppskriftar hefur ekkert spurst. Hins vegar er kvæðið varðveitt í JS 26 8vo, og verður það prentað eftir því handriti hér á eftir.

JS 26 8vo er að mestum hluta með hendi frá 18. öld, en framan og aftan við er bætt yngri blöðum. Gamli hlutinn hefst á Dýrðardikti Kol-

B sem kallað er í útg. eru nefnd veikindi Þorkels 1651, en ekki getið um upptök þeirra; sjá *Ann. 1400–1800* III 73, 6. nmgr. Sjá ennfremur Vatnsfjarðarannál yngra, *Ann. 1400–1800* III 126. Veikindum Bjarna Péturssonar sýslumanns á Staðarhóli er lýst nánar miklu í Ballarárannál, *Ann. 1400–1800* III 209. — Þess má geta að í þjóðsögum Jóns Árnasonar er munnmælasaga, skrásett af séra Skúla Gíslasyni, Ekkjan á Álftanesinu (*ÍPÆ* I 280–81). Þar segir frá húnvetnskum manni, sem hét Þorkell. Hann fór um tvítugs aldur til sjóróðra og ílentist á Álftanesi, þar sem hann komst í vinfengi við hirðstjóra og varð honum fylgisamur gegn innlendum höfðingjum og biskupum. Fékk hirðstjóri honum Þingeyraklaustur og hét honum þjónustustúlku sinni, en áður hafði Þorkell verið í þingum við ekkju þar á nesinu, skapmikla og sköruglega. Þorkell fór norður og tók klaustrið undir sig, en skyldi vitja ráðahagsins að vori. Ekkjuna grunaði hvað í ráðum var, og hafði hún tal af hinni dönsku stúlku og fékk grun sinn staðfestan. Sagðist stúlkan þó muna önnur orð hirðstjórans en þau að hann mundi gifta sig íslenskum sveini sínum. Fáum dögum síðar dó ekkjan, og hvarf líkið fyrstu nóttina sem það stóð uppi. Nóttina þar á eftir tók danska stúlkan á Bessastöðum meinsemd mikla og dó innan þriggja náttu. Þetta sama haust var kaupamaður af Álftanesi á leið suður og fór einn sér. Hann sá kvenmann koma á móti sér, skrefadrjúga og fasmikla, og þekkti þar ekkjuna. Kvaðst hún ætla að Þingeyrum og mundi ná háttum. Um kvöldið þegar Þorkell gekk til sængur fannst honum eins og gripið utan um sig og fylgdi því hið harðasta tak. Kvaldist hann svo að beinin skröptu í skinninu og þóttust menn oft heyra milli kastanna að hann beiddist vægðar. Við þessi harmkvæli lá hann fram til jóla og andaðist svo. — Í nafnaskrá þjóðsagnanna er skilið svo, að hér sé átt við Þorkel Guðmundsson sýslumann, sem sagður er fæddur “nálægt 1625” (*ÍPÆ* VI 177). Þorkell lést 9. nóv. 1662, og hafði hann haft Þingeyraklaustur frá 1659, er faðir hans lést, en vonarbréf fyrir sýslu og klaustri fékk hann 1644. Þorkell kvæntist 1647, og var kona hans Solveig, dóttir Magnúsar Björnssonar lögmanns (*Íslenzkar æviskrár* V 148).

²⁷ *AMKat.* II 370.

²⁸ *The History of the Cross-Tree down to Christ's Passion*, edited by Mariane Overgaard (Edit. Arnam. B 26, Kh. 1968), bls. xlvi.

beins Grímssonar, og segir á forsíðu fyrir kvæðinu að hann sé 'upp kloradur ad nju 1773 af Joni Suein(ssine)'. (Í þriðja tölustaf 7 er dregið með ritblýi eins og hafi átt að breyta honum í 2.) Aftarlega í þessum hluta er kvæði til konu sem misst hefur mann sinn og er það 'ort af sal(uga) Jone Halldors sine' (Heyrðu núna, hringaslóð). Úr upphafsstöfum erinda má lesa HERDJS ALEXJVSDOTTER. Tvær systur voru með því nafni í Árneshreppi í Strandasýslu og varð sú hin eldri ekkja 1764.²⁹ Til hennar kynni kvæðið að vera ort. Þá fer á eftir sálmur (Herra Jesú, hjálpin manna) þar sem upphafsstafir erinda mynda nafnið HALLGJERDVR. Því næst eru vísur til konu, og við lok þeirra atugasemd skrifara: 'epter atoris hendi upp klorad anno 1781 af Jone Sueinss(ine)'.

Á auða síðu í lok gamla hlutans er m. a. hripað: 'Þessi blod a hofdings kuin(na) Gudrun Gudmundsdotte[r] a Kaldbake'. Guðrún var kona Jóns Sveinbjörnssonar bónda á Kaldbak, Strand. Dóttir þeirra var gift Gísli Sigurðssyni hreppstjóra. Þau fluttust frá Kaldbak 1824 að Bæ á Selströnd.³⁰ Aukablöðin sem bætt er aftan við gamla hlutann í JS 26 8vo eru sum gerð úr umslögum bréfa til Gísla hreppstjóra, sem þá hefur verið kominn að Bæ.

Annað nafnakrot verður ekki rakið út í æsar. Þó má geta þess að á ungu blöðin aftast í handritinu er hripað 'Gisli Gisla son', en það hét sonur Gísla hreppstjóra í Bæ. Þar er einnig nafnið 'Solveig Biarna dottir', og gæti hún verið dótturdóttir Gísla hreppstjóra með því nafni, dóttir Bjarna Ásgeirssonar og Solveigar Gísladóttur. Önnur kona með þessu nafni var Solveig Bjarnadóttir frá Goðdal, barnsmóðir Gísla Gíslasonar frá Bæ, og kæmi hún líka til greina.³¹ Þá er á nokkrum stöðum nafn Ragnhildar Þorsteinsdóttur, og er að sjá sem hún hafi verið eigandi. Óvíst er hver hún var, en benda má á að stúlka með þessu nafni var í Sunndal á heimili Jóns Jónssonar bónda, þegar þar var tekið manntal 1845. Annar bóndi í Sunndal var þá Gísli Gíslason frá Bæ.³² Á spássíu í gamla hluta handritsins stendur að því er virðist 'Beniamin Biarnason'. Maður með þessu nafni var í Strandasýslu.³³

²⁹ Jón Guðnason, *Strandamenn*, Rvk. 1955, bls. 527 og 524.

³⁰ Sama rit, bls. 436 og 386.

³¹ Sama rit, bls. 386 og 415.

³² Manntal 1845. Handrit í Þjóðskjalasafni.

³³ Finnur Sigmundsson, *Rímnatal II*, Rvk. 1966, bls. 20.

Af því sem nú hefur verið tínt til má ráða að handritið hafi verið í Strandasýslu snemma á síðustu öld, og mætti búast við skrifaranum þar um slóðir eða í nálægum sveitum, þótt engu sé að treysta í þeim efnum. Nafnið Jón Sveinsson er algengara en svo, að bent verði á einn öðrum fremur með því nafni, sem líklegur sé til að skrifa upp kveðskap í þessum landshluta á áttunda og níunda tug 18. aldar. Trúlega hefst samt upp á skrifaranum, þótt síðar verði, og er rithandarsýni birt hér á bls. 57, þeim til athugunar sem kynnu að þekkja höndina eða finna hana víðar á bókum. Að svo komnu verður aðeins nefnt rímnahandritið Lbs. 2496 4to, sem er með hendi þessa sama manns, og lýkur hann þar uppskrift á Olgeirs rímum með tilmælum til lesara bókarinnar: 'endad dag 20 februari anno 1775 af Jone Sueins sine, vird til goda og vanda ei umm Jfer skór framm þu lesare hvór sem verda kant.' Í vísuerindi sem fer á eftir biður skrifarinn lesara að lesa í málið.

Lbs. 2496 4to er komið í Landsbókasafn 1934 norðan úr Húnavatnssýslu frá Sigurði Jónssyni bónda í Katadal á Vatnnesi. Á þeim slóðum mun handritið hafa verið bundið inn, sem má sjá af ræmum með skrifi á sem límdar eru til styrktar í bandi. Þar bregður fyrir nöfnum bæja í Þverárhreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, bæði Ósa, Sigríðarstaða og Kistu, og ártalinu 1848. Einnig má lesa 'befalad fra Þorleifi a Hiall', og er skorið aftan af, en hefur e. t. v. staðið Hjallalandi. Þaðan var Þorleifur Þorleifsson, forfaðir Sigurðar í Katadal.³⁴ Bandið á bókinni er slitið og nokkuð gamalt, sennilega frá öldinni sem leið. Áður en bókin var bundin inn hefur maður að nafni Benedikt Einarsson skrifað viðbæti í 38. Olgeirs rímu, og gæti hann tímans vegna verið Benedikt Einarsson í Hnausakoti í Miðfirði.³⁵ Í sömu opnu, en á annarri blaðsíðu er hripað bæjarnafnið 'Hrýsumm'. Bær með því nafni er í Þorkelshólshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, en samnefndir bæir eru í öðrum sveitum. Að lokum má geta þess að á auða blaðsíðu aftan við Olgeirs rímur hefur verið krabbað: 'Jon Jon sin a Geirmunda stodum' — og er síðasta orðið skrifað uppi yfir og er ekki með öllu öruggt að það sé rétt lesið. Geirmundarstaðir eru til þrír, og er enginn þeirra í Húnavatnssýslu. Hins vegar er bær með þessu nafni í Strandasýslu. Þar bjuggu á fyrri hluta 19. aldar þrír menn, sem hétu allir Jón Jónsson.³⁶ Fyrstur þeirra

³⁴ P. V. G. Kolka, *Föðurtún*, Rvk. 1950, bls. 231–2.

³⁵ Finnur Sigmundsson, *Rímnatal* II 18.

³⁶ Jón Guðnason, *Strandamenn*, bls. 349.

Skvaddi Skollagaldur sem eg svo
hefni

Þi napni og Trausti niþta guds
nadar herrans göða og þröða vil
eg þenān þiria brag Glessadur
þirer miet þæx i lag allt þeingill
þiöða & gud þadir og sonur þreks
ariā og þridariā helgi andi þia
stande so miet lýse miāi og māl
mitt lag þære sinni og sāl en n
vijsur vandi & þier til þoyss sk
al ä þorm allt orða miāa standa
ad vanda þo eg þerde þier ä
streijng og þördum girde æau
na þueing þaā þalska þianda
& herran zesus þialþar skial
þlijð þu miānu þuærde og þræde
giepdu ä uoyt orðum þijn apl
og þreyjsti æædu miān og sönar
sædi & þei lagur ande þingad
vand

1000/10. Lupp

var sonur séra Jóns Sveinssonar prófests á Stað í Steingrímsfirði, en ganga má úr skugga um það að hönd séra Jóns er ekki á handritinu.³⁶ Síðastur þessara þriggja bænda var Jón, sonur Jóns Jónssonar á Grænanesi, og var móðir hans Helga Jónsdóttir frá Djúpadal, Sveinssonar.³⁷ Aldurs vegna gæti sá Jón Sveinsson verið skrifari handritsins.

Fjandafæla er í JS 26 8vo í gamla hlutanum með hendi Jóns Sveinssonar. Villur eru sýnilega í handritinu, og má leiðréttá sumar með sæmilegu öryggi, en aðrar eru af því tagi að illt er við að gera, nema finnist annað handrit kvæðisins sem hafi réttari texta. Um uppskriftina í JS 26 8vo og meðferð hennar í prentun skal eftirfarandi tekið fram:

Skrifarinn notar ekki greinarmerki. Undantekning er þó komma á eftir 50.3. Og aðgreiningarmerki eru á milli erinda og á milli fyrrisagnar og lagboða. Þau eru táknuð með punkti í prentun.

Í útgáfu er lítlum staf í upphafi erindis breytt í stóran, og einnig er settur stór stafur í mannanöfnum, þótt lítill sé í handriti.

R í upphafi orðs er skrifað r, prentað r. Einnig kemur fyrir að skrifað er v og d í upphafi orða, og er hér prentað b, d. ö er venjulega skrifað ó, en stundum er það þó gegnumstrikað og þá dregið stærra og með sveigum til vinstri handar. Þannig er o stundum dregið líka í upphafi orðs. Depla yfir stafi setur skrifarinn að miklu leyti reglubundið, ef frá er skilið ü, sem hann skrifar iðulega fyrir u, auk þess sem það táknar ú. ý táknar jafnan í (ý) eða síðara hluta tvíhljóðsins ei (ey). Undantekning er að það sé sett fyrir i (y): 13.2 výnna, og líklega 17.1 grýttur; etv. einnig 16.4 suýde. Dæmi eru um að sleppt sé deplunum: 6.4 lyf, 46.4 dyrdar, 59.6 kuyde. ä táknar á, en fyrir kemur að það er sett þar sem ætti að vera a: 29.1 Hälz, 37.5 hrátt. ö táknar ó, en dæmi eru um að það sé sett fyrir o: 33.2–3 rötinn, brötinn, 33.6 þrötinn, 50.1 löpt, 56.6 flögje; og fyrir ö: 28.4 gröf.

Vísuorðaskipan kemur ekki fram af handriti. Bragarhátturinn er m. a. kunnur af vísu eignuðum Jóni Arasyni biskupi: Bóndi nokkur bar sig að — sem eru víða prentaðar. (M. a. Bisk. Bmf. II 574–8, 593. Ann. 1400–1800 I 108–9, 114, 117–18. Safn I 93.) Venjulega er erindum skipt í sex vísuorð hverju erindi, en þó kemur fyrir að 2. og 3. vo. eru tekin sem eitt. Með þessum sama brag eru Katikismusvísur í AM 720 b 4to 14v–15v, sem er handrit á skinni talið frá um 1600. (Kålund, AMKat. II 147.) Upphaf: Upphaf er fyrst orð þitt rétt. Erindum er skipt í vísuorð með greinarmerkjum, og er að öllum jafnaði greint á milli 2. og 3. vo., þó að frá því séu nokkrar undantekningar, og virðist koma glögglega fram að skrifarinn lítur á hvert erindi sem sex vísuorð. Sama kemur fram hjá séra Jóni Arasyni prófasti í Vatnsfirði í uppskrift hans 4. júlí 1646 á vísunum Úr Danmörk höfum vér fengið fregn, sem ortar eru undir sama bragarhætti. (AM 114 fol. Pr. í Sturl., útg. Kålunds, bls. XLIV. Í útg. eru felldar niður kommur sem eru í hand-

³⁶ Sjá hönd hans t. d. á bréfi frá 1789 í Lbs. 28 fol. bls. 165–7.

³⁷ Jón Guðnason, *Strandamenn*, bls. 347.

riti til að greina sundur vísuorð.) Hér verður erindum Fjandafælu skipt í sex vísuorð hverju erindi. Kvæðið Þeigiandi dans, sem er lagboði, er til í handritum (sjá tilvísanir í Lbs. skrá III 412), m. a. er það í JS 26 8vo, handriti því sem Fjandafæla er prentuð hér eftir.

Erindatölum er bætt við í útgáfu.

nockrar výsur sem sagt er að küednar sie af Gysla Jons sine lærda vegna Þorkielz Guends sonar. tön sem Þeigande dans

- 1 J nafni og Trausti nýta guds
nädar herrans göða
og fröða
vil eg þennann biria brag
blessadur firer mier *færi i lag
allt þeingill þiöda.
- 2 Gud fadir og sonur frelzarinn
og fridarinn helgi andi
hia stande
so mier lýse minni og mäl
mitt lagfære sinni og säl
enn výsur vandi.
- 3 Þier til lofs skal ä form allt
orda minna standa
ad vanda
þo eg herde hier ä streýng
og hörðumm girde rauna þueing
þann falska fianda.
- 4 Herrann Jesus hialpar skiol
hlýd þu mýnu kuæde
og fræde
giefdu ä vóxt ordümm þýn
afl og hreysti rædu mýn
og sönar sædi.

Undir lagboða neðst á síðu hefur verið skrifað með feitu letri og er ekki skýrt við hvað það á: qvedin Anno 1627. Ofan við kvæðið sjálft efst á næstu síðu er skrifað með finlegri hendi: Kvæðið Skollagaldur sem eg svo nefni. Hvortveggja er síðar skr. en kvæðið og er ekki með hendi sama skrifara.

1 2 nädar herrans] näda fódurs Jón Ólafsson i Add. 3 fol. 5 færi] fär i hndr. Leiðrétt eftir Recensus Páls Vídalíns. Niðurlag vísunnar er utanmáls i Add. 3 fol., sennilega skrifað eftir minni og úr lagi fært.

- 5 Heilagur ande hingad vend
 huggarinn vor hinn mæte
 ä giæti
 ý mitt hiarta Jnn ræt þú
 äst kiærleyka bæn og trú
 med lýtillæti.
- 6 Þrenning dýrdar þier er liost
 þrauta bälid eýna
 eg meýna
 sem ad kiemur säl og lyf
 siertu vertü andar hlýf
 og hialpinn hreyña.
- 7 Þorkiel Güends son þu þad veýst
 þui mä veýkann nefna
 og efna
 þeim ømunar anda tiöns
 oröa þýns velldür þiöns
 þýn hönd mün hefna.
- 8 Volldugur drottinn verde kiær
 vilie þinn hinn göde
 ad möde
 mannsins eýde miskun þýn
 megn þess vonar trúann mýn
 med tära flöde.
- 9 Huadann sem nauda nadra sü
 nýsküst výst er skridinn
 eda lidinn
 flýe hun burtu ött sem ør
 i helvýska kualaa kór
 sie keýrd og suidinn.
- 10 Gud himneskur giefte krapt
 gófgugur mýnumm ordumm
 i skordümm
 sa sem aumümm lagde lid

6 4 kiemur] e.t.v. villa fyrir *kremur, og væri þá líklegast að 2 bälid væri mis-
 lestur fyrir *bólid.

- og leýste giðrvallt mannkinið
fra fianda fordümm.
- 11 Liüfur drottinn leýfdu mier
ad lastirda þann anda
og fianda
sem vill koma sagða með
salu og lýkama hans i ved
og vestann vanda.
- 12 Sialfur veýstu drottinn dýr
diðfullinn hefur hriada
opt þiada
þusund sinnum Þorkielz sál
þar með bruggað sorgar käl
til suika räda.
- 13 Hialpe með þui herra til
helvýskann är vünna
hinn stinna
so ad veýkumm verde frýtt
valldid kome eilýft þitt
til orða minna.
- 14 Sathan Þorkiel sokti ä
sälar krapta barde
hinn harde
grätinn sat hann og girtur þýn
þui götu stiginn upp til þýn
är vondur varde.
- 15 Þetta er hans Jlla art
og nätturann blinda
ad hrinda
þýnumm saudümm þier i fra
þui skal hann i daðanz krä
þýn bölvann binda.
- 16 J skal fliuga ørinn þann
angur og þreinging naüða
með daüða

- eýtur suýde kuólinn kólld
 kuýde brúne heliar hólld
 firer safar snaüda.
- 17 Sinda hündür grýttur grär
 grýta výtis nadra
 ert þadra
 þessumm flýdu þegne frá
 þriotsku nidür i sorgar gia
 og suýk eý adra.
- 18 Madkur výtis meiddur skallt
 marinn barinn sundur
 þinn hündur
 ord drottins þui orka sterk
 øll þýn loge bólvud küerk
 sem tiara og tundur.
- 19 Kiaptur haüs og kuidur þinn
 klofne drafne vidur
 og hridür
 harmür daudans hrýd og bäl
 hlaupa skal ur vitsku mäl
 og øll þýn Jdur.
- 20 Daudans hrýda skarfur skallt
 skammar ärenn smeýkur
 sem eýkur
 naunganumm nauder mjn
 nidur fergiastr i þa þýn
 sem loginn leýkur.
- 21 Kuala výtis kuillinn sär
 kneppe hneppe þig ündir
 þær stundir
 hals sem þu i hiarta ert
 hrak nadra vert marinn og merkt
 vid griot og grundir.
- 22 Friöse brenne i þier allt
 ande fiande hriadur

16 6 safar] þannig í hndr., en e-ð er hér brenglað.

19 Erindið er úr lagi fært.

- vert smadür
 hungra sprýnga hier skallt med
 hliottu verra sorgar gied
 enn sagt er ädur.
- 23 Þu skallt vella meýn semd med
 megn guds ord þig renna
 og brenna
 utann ad þier sem tiara ümm tried
 týfallt meýre skiemd er skied
 sem skalltu kienna.
- 24 *Hiarta Þorkiels nie hollde ý
 huórke skalltu eýga
 nie meiga
 af þier gióra hid minsta meýn
 mel eg þig sem briöte steýn
 þýn fylann feýga.
- 25 Þig skal brenna bälid raudt
 ad bode drottins fýnu
 sem mýnu
 ande fiande *ragur renn
 þig reke hreke gud og menn
 i glöande pýnu.
- 26 Þu skallt sioda so sem huer
 og sundur losast allür
 giórvallur
 ämen halldest ordenn mýn
 øll þig velle vesta pýn
 og stigda stallur.
- 27 Flýðu blýðu buldran þüng
 bolvod klækia kiedia
 og ledia
 rötinn füenn róng og skóck
 riettu skiemdar skræðann blóck
 og skiessu edia.

22 5 verra] *skr. ver|rra við línuskil.*

24 1 Hiarta] *Hiartad í hndr. 4 gióra] + ed str. út.*

25 4 ragur] *argur í hndr. Við breytinguna næst fram rétt stuðlasetning.*

- 28 Alldrei skalltu eýga frid
andstígd vestu varga
hin karga
dettu ríett í daudans gröf
díófüll óngva hafdu hler tóf
med mædu marga.
- 29 Hälz skalltu af hiarta üt
hraktür naktur ganga
med anga
sündur rífinn so sem *hræ
suei þier greýed æ og æ
ümm eilýfd langa.
- 30 Ærdur særdur ut skall(t)u
öðins leðiann skamma
hin ramma
firer ord gudz eingla her
í helvýte kaste þier
þinn vargur vamma.
- 31 Mestümm vestümm mættu þar
moladur kuólumm straüngum
og laüngumm
beýskast výtis bäl og naüð
brenne þig hid liöta gaüð
med enda *øngumm.
- 32 Þig reke hreke reýde guds
ragur díófull ä flötta
med ötta
mitt í výtis kualá kier
kienn og brenn ümm eýlýfder
til allra sötta.
- 33 Hundur výtis hriadür skallt
hrifser glefsu rötinn
og brötinn
keýrdur bardür kreýstur nü

28 2 andstígd] + orð str. út.

29 4 hræ] hrä í hndr.

31 6 øngumm] øngvann í hndr.

- kirktur mirtür æ siert þú
ad afle þrötinn.
- 34 Fiande ande fleýgt skal þier
framm i rammann *dauda
til nauða
þu hefür grættann gudz myns þion
grimdarlega eins og lion
þýn skaudinn skaüda.
- 35 Nýsti kreýsti ad þier allt
þad eingla kongurenn skapte
med krapti
himinn Jórdinn siör og sallt
suýde strýde þusund fallt
i þýnümm kiapte.
- 36 Nauder daudans næge þig
nýskur výskur andi
og fiandi
heliar belie harda hrýd
há þier ä er alla týd
þad stóðugt stande.
- 37 Framar lame farid þig
enn fäord spä kann mæla
hin sæla
hóndinn drottins hrindi þier
hrätt þangad sem vellande er
bäl og bræla.
- 38 Þu skallt nauða nadra výtst
nidur sioda renna
og brenna
sem i bæle bik eda tin
bólvad výtis grimdar gin
skal naga nenna.
- 39 Flýe ý daudanz fülann pitt

34 2 dauda] daudan í *hndr.*

36 5 ä er] *nánast äer í hndr.*

37 1 farid] *p.e. fárið.*

39 1 Flýe] *ý er afbrigðilega dregið, fyrst líkast því sem skr. væri e, en á eftir*

- fader gud þig dæmde
og flæmde
þa þú villder i himna hafn
hædstümm gude verda Jafn
sem sýst þier sæmde.
- 40 Huar var allt þitt higgiu vit
hreckia andinn mesti
og vesti
lússefer hid liöta föl
þá lifande mistir himna stöl
firer heimsku lesti.
- 41 Villdir ræna drottinn dýrd
diarfur varstu úr mæta
eg Jata
firer það hlaut i daudans dý
drottins völdug höndinn frý
þig limskann læta.
- 42 Hugder þu ad hliota sæmd
himna dýrd og söma
med blöma
enn þu dæmdist þui øllu fra
ofann i midia výtis gia
og daudans dröma.
- 43 Þitt mistokst þier þá ä form
þrauta grimmur armür
þinn garmür
firer glede stadinn þu gista fer
grifiu þa sem ecki er
nema hrigd og harmur.
- 44 Hier af mattu hrösa þier
hreckia ande *ormür
ert *gormur

*fer j-laga dráttur, og tveir deplar eru yfir. Til greina kæmi að standa ætti t.d. *Flý, *Flýdu eða jafnvel *Fyr.*

40 1 þitt] + hörku str. út.

44 2 ormür] armür í hndr. 3 gormur] garmur í hndr. Merkingarlega fær textinn staðist óbreyttur, en þá yrði að gera ráð fyrir gölluðu endarími sem sjaldsæð

- þier skal ama ä allann hätt
allt huad hefür lýf og mátt
sem stædste stormur.
- 45 Sigur Jesu set eg ä þig
med sýnu magtar vellði
þig felldi
so þu mister dug og däd
drottins guds þier hrinde räd
ad hrigdar elldi.
- 46 Ofsæke þig eilýft lios
allra guddoms däda
og räda
drottins hrinde þier dyrdar söl
dýrust sü sem Maria ol
i bölván bräda.
- 47 Ofsæke þig eirnra mest
allur guddoms kraptur
oskaptur
blessadur fra bæge nu
so bölvadur komer alldrei þu
vid Þorkiel aptur.
- 48 Ofsæke þig eingla sueýt
med öllümm sýnumm mætte
og hætti
alldrei *fir enn armur þu
ert bundinn firer bæn og trú
i bruna þætti.
- 49 Aller kraptar orða guds
ofsæke þig tiedann
ä medann
drottins *býdur dýrdar ølld
dömür hans og magtar vølld
þier hrinde hiedann.

er í kvæðinu. (Sjá þó 55. er.) Þá má hugsa sér að 2. og 3. vo. í næsta er. á undan hafi stuðlað að mislestri.

48 4 fir] fare í hndr.

49 4 býdur] blýdur í hndr.

- 50 Under diup og Jfer löpt
 ofsæki þig meður
 yótn vedür,
 huad sem frómdu fir i ølld
 forelldrar og magtar vølld
 sem frömer fedur.
- 51 Ofsæki þig himinn og Jórd
 og helger dömar aller
 giórvaller
 drottins hiórdinn dýrðarlig
 dæmdann burtu reki þig
 i hrigdar haller.
- 52 Ofsæki þig aller þeir
 sem eilýfur drottinn skapti
 með krapti
 huórt sem eru ä himne eda Jórd
 so herdist ad þier grimdar giórd
 með heliar *hapte.
- 53 Ofsæke þig hæð og dipt
 helvýtanna leyðu
 og breyðu
 blessun Jesu brinie mig
 enn bik og elldür kuelie þig
 nu alla reyðu.
- 54 Þorkiele skalltu flýa fra
 flærdar ande ærdür
 og særdür
 lios þig brenne lýfsins nu
 með leyprtrum himna výt skallt þü
 i fiótur færðür.
- 55 Leypturs elldur lýfs guddöms
 loganümm ad þier kindi
 með vindi

51 1 *Stuðlasætninguna mætti laga með því að fella burt annað hvort Ofsæki eða Jórd og setja í staðinn orð sem hefði h í upphafi, t.d. Ofsæki þig himinn og haf.*

52 6 hapte] hætte í hndr.

53 1 *Hér vantar aftur h-stuðul, eins og í 51.1.*

- kraptur mikla Christs sem skýn
kaste þier i vestu þýn
hinn falske fiande.
- 56 Útann umm þig og Jnnann med
elldür výtis logi
sem bogi
friös og brenn þu fir og sýd
fädu nädu daudans hrýd
med feikna flögje.
- 57 Guds þrenning hier gjeft til Já
glöpurenn skalltu renna
og brenna
i elde nidur eins og tin
alldrei sie sü hrýdinn lin
nie hrigdar spennu.
- 58 Þorkiell Guendsson þu skallt laüis
vid þennann výtis anda
og fianda
frelsarinn Jesus firer þier bad
fader himneskur lætur það
Jä stöðugt standa.
- 59 Liössins ande liöme þier
umme lýf og söl med þryde
hinn frýdi
skýrdur i nafne skaparans
firer skiærann dauda laüsnarans
flýe kuól og kuyde.
- 60 Jesus minn vor kongur klär
i kiærleyks digder þýnar
sem skina
eg fel Þorkiel so frelsist nü
firer þa kuól sem þollder þu
lät þrauter duýna.
- 61 Herra Jesüs heirdu mig
hiartans liösid göda
ert þiöda
sign þu mýna siuka önd

- so sem eg fel i þýna hönd
med læge liöda.
- 62 Lät nu Þorkielz lýf og säl
lýmast ad þier eýnumm
Jä hreýnumm
enn fra honum rek þu fianda þann
sem fella villdi <ä> hann bann
med grimdar greýnumm.
- 63 Gief ad hann sie frý og frials
fir og sýd af kuilla
þeim Jlla
þu kant allt med þinne magt
þad hefúr þu sialfur sagt
vort strýd ad stilla.
- 64 Legg eg Þorkiels lýf og säl
liufumm þier til handa
ur vanda
læt eg hier sö lausnare minn
liöda smýde i þetta sinn
og stókur standa.
Amen

62 1 Þorkielz] *utanmáls og vísað inn, bæde str. út í texta.* 4 honum] *utanmáls og vísað inn, oss str. út í texta.* 5 ä hann] *eða hann (i).* Í texta er str. út orð, e.t.v. hefur í fyrstu staðið oss i, og er þá oss str. út, en hann skr. ofan í i-ið.

Aftan við kvæðið hefur skrifarinn sett eftirfarandi erindi undir rímnahætti, og er ekki greint frá uppskrift Fjandafælu: enda eg Güendar öðinn fröðann mödur og sende küendümm sünnann brag seýnt ö beýnt er vandad lag.